

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bergstaðastræti 12.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 11. mars 2015 breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Bergstaðastræti. Í breytingunni felst breyting á byggingarheimildum. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Eddufell 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 20. febrúar 2015 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2-8 við Eddufell. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða, niðurfelling bílageymslu, breyting á bílastæðaskilmálum, óveruleg breyting á hámarkshæðum og lóðarstærð. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. mars 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2015